

---

# SÓLHEIMAR Í DALABYGGÐ

## DEILISKRÁNING FORNMINJA VEGNA VINDORKUGARÐS

---



GYLFI HELGASON (RITSTJ.)

Höfundar efnis: Gylfi Helgason, Ragnheiður Gló Gyldadóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir

---

REYKJAVÍK 2021  
FS858-21391

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Ljósmynd á forsíðu er af Dagmálavörðu DA-082:029, horft er til vesturs.*

*Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir*

©2021

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033

NETFANG: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

[www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Í skýrslunni eru birtar niðurstöður deiliskráningar fornminja innan deiliskráningarsvæðis á Sólheimum í Laxárdal, Dalabyggð. Skráningin var gerð af Fornleifastofnun Íslands fyrir Quadran Iceland Development ehf. Ráðgert er að reisa vindorkugarð á jörðinni. Deiliskráningarsvæðið er samanlagt um 19 km á lengd og tekið var út 200–300 m breitt belti. Svæðið kvíslast um stóran hluta jarðarinnar: nokkru vestan frá Sjónarhóli að sunnan og til Reyðarvatnshæða til norðurs. Að austan nær svæðið til Steinsvatnaheiði og til vesturs að Hólmvatnsheiði. Norðausturhorn heimatúnsins er enn fremur innan deiliskipulagssvæðis. Árið 2019 var gerð aðalskráning á hluta jarðarinnar vegna sama verkefnis en úttektarsvæðið hefur tekið umtalsverðum breytingum síðan þá.

Alls voru skráðar 24 minjar innan svæðisins, sjö þeirra voru skráðar 2019 og í þessari úttekt bættust 17 við. Meiri hluti fornleifa innan deiliskráningarsvæðis tengjast samgöngum (t.d. vörður og leiðir) en einnig eru þar ummerki um landbúnað. Allar minjar innan deiliskipulagssvæðis voru metnar í stórhættu vegna framkvæmda.

### *Efnisorð*

Fornleifaskráning, deiliskráning, vörður, vindorkugarðar, Sólheimar, Laxárdalur, Dalabyggð

## Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey undertaken in autumn 2021 at a c 19 km long assessment area at Sólheimar in Laxárdalur, Dalabyggð (W-Iceland) in advance of a wind power farm development. The assessment area is fringed by Sjónarhóll to the south, Steinsvatnaheiði to the east, Reyðarvatnshæðir to the north and Hólmvatnsheiði to the west. The NE-part of Sólheimar's home field lies also within the assessment area. The work was carried out by The Institute of Archaeology, Iceland for Quadran Iceland Development. A general-survey project was undertaken at Sólheimar in 2019, but the assessment area has changed considerably since then.

The area's topography includes rocky outcrops and moorlands in the outfield, whilst the NE-part of Sólheimar's homefield is characterised by a softer hayfield. On the whole, 24 archaeological sites were identified, of which seven were surveyed and in 2019 and 17 in 2021. The commonest archaeological sites identified were cairns and old routes. A map locating the archaeological sites and a table detailing their function and type can be found in the appendix.

Much of the archaeology is either located near the homefield or the south part of the assessed area. The sites situated at the NE-part of the homefield represent the farmer's live in the past, for instance two

place names indicating milking pens and a fenced road were surveyed there. Sites located in the outfield are mainly old routes or cairns. Some of the cairns are old trail markers but old-time markers were also found. In some cases, it was not possible to determine the function of the cairn.

All archaeological sites within the assessed area were considered to be at a high risk since they are under a threat from the proposed windfarm development. The risk assessment only indicates possible threat if no further work is done to protect the sites. Indeed, the main purpose of the assessment is to emphasise that the development plans might possess some risk to the archaeological sites. It ought to be possible in much if not the vast majority of cases here to safeguard the archaeology from damage that might be caused by the windfarm construction. Any further archaeological work considered and the potential impact of the proposed windfarm development on the archaeology will be assessed by The Cultural Heritage Agency of Iceland.

*Keywords*

Archaeology, detailed survey, cairns, windfarm development, Sólheimar, Laxárdalur, Dalabyggð



# Efnisyfirlit

1 Inngangur .....	10
2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf .....	10
3 Aðferðir við fornleifaskráningu .....	12
4 Fornleifaskrá .....	14
5 Samantekt um sögu og landshætti deiliskipulagssvæðis .....	27
<i>Saga Sólheima .....</i>	<i>27</i>
<i>Landshættir á deiliskipulagssvæði .....</i>	<i>28</i>
6 Fornleifar innan deiliskipulagssvæðis .....	30
Heimildaskrá .....	33

## Viðauki

Hnitaskrá ISN93

Minjakort



# 1 Inngangur

Á haustdögum 2021 fór Mannvit, fyrir hönd Quadran Iceland Development ehf, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa á um 19 km löngu og 200–300 m breiðu deiliskráningarsvæði við Sólheima í Dalabyggð (fyrrum Laxárdalshreppi). Fyrirhugað er að reisa vindorkugarð á svæðinu. Áður var gerð aðalskráning á hluta jarðarinnar vegna sama verkefnis en deiliskráningarsvæðið hefur tekið talsverðum breytingum síðan þá.<sup>1</sup>

Deiliskráningarsvæðið kvíslast um stóran hluta jarðarinnar, nokkru vestan frá Sjónarhóli að sunnan og nær til Reyðarvatnshæðar til norðurs. Til vesturs nær svæðið að Hólmatvatnsheiði og til austurs að Steinsvatnaheiði (mynd 1, bls. 9). Þar sem deiliskráningarsvæðið nær inn á heimatún Sólheima er það smáhæðótt og ræktað tún sem hallar lítillega til suðurs. Utan heimatúns einkennist svæðið af hálfgrónum klettahryggum og mýrlendi.

Ítarleg heimildaskráning (svæðisskráning) var gerð fyrir þetta svæði árið 2008 af Fornleifastofnun Íslands.<sup>2</sup> Vettvangsskráningin fór fram í lok október 2021. Um skráningu sáu Gylfi Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir en skýrslugerð og kortavinna var í höndum Gylfa Helgasonar. Allar ljósmyndir eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar.


Skýrsla þessi byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um aðferðafræðina og í þeim fjórða er sjálf fornleifaskráning deiliskipulagssvæðisins. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti þess. Í lokakafla skýrslunnar er umfjöllun um fornleifar innan deiliskipulagssvæðis og helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna afmörkun deiliskráningarsvæðisins og þær fornleifar sem fundust innan þess.

---

<sup>1</sup> Gylfi Helgason og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2019.

<sup>2</sup> Eva Kristín Dal 2008.





Mynd 1: Kort sem sýnir afmörkun deiliskráningarsvæðis. Loftmynd frá Bing.

## 2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og óskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum

þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

### 3 Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðin minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: DA-082:001). Þær minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagssvæðis eru allar innan marka lögbýlisins Sólheima eins og þau voru um miðja 19. öld (DA-082). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.


Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir uppmældir. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en **friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi**. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens: **SF 175 009** | Númer fornleifar á tiltekinni jarð: **Sveinshlaða** | Sérheiti: **tóft** | Tegund: **hlaða** | Hlutverk: **hlaða** | Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93: **E: 528751 N: 352323**

Sýslutákn: **SF 175 009**



Sveinshlaða 009, horfi til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppþéling/reikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt úthús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skafartúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerða. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafartúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlaðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hölmýndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerða  
**Heimildir:** Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Þetta sem steðjar að fornleif

Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan deiliskipulagssvæðis. Það skýrir þá staðreynd að númeraröðin er slitrótt enda upplýsingar ekki birtar um minjar sem eru utan skráningarsvæðisins.

## 4 Fornleifaskrá

DA-082 Sólheimar

### *Sögulegar heimildir*

- 1686:** 10 hdr. bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, bls. 180.  
**1695:** 12 hdr. bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, bls. 180.  
**1703:** 12 hdr. bændaeign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, bls. 71.  
**1847:** 12 hdr. bændaeign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, bls. 71.  
**1731:** 12 hdr. bændaeign, samkvæmt *Jarðabók yfir Dalasýslu 1731*, bls. 103.  
**1847:** 12 hdr. bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, bls. 166.  
**1483:** Jörðin seld séra Halli Þórarinssyni. **DI VIII**, bls. 72.  
**1513:** Árni Helgason selur Hallvarð Eiríkssyni Sólheima í Laxárdal. **DI VIII**, bls. 455.  
**1563:** Daði Guðmundsson eftirlætur frænda sínum Jóni Ólafssyni jörðina Sólheima í Laxárdal. **DI XIV**, bls. 179.

### *Jarðaupplýsingar*

- 1917:** Tún 5,9 ha. Hús og óræktir 0,8 ha. Ræktað tún 5,1 ha. Þýfi 3,0 ha. Girt með umhverfis túnið.
- 1703:** „Túnið er mestapart þýft og misjafnt grasgefið. Engjar miklar og sumstaðar grasgóðar; þær bestu lengst burt. Hagar í besta máta. Selstaða hefur verið í heimalandi, má brúka ef vill ... Útigangur góður þegar niðri nær, og verst vel oftast [...]. Lax og silúngsveiði er fyrir landinu í Laxá [...] Stöðuvötn eru í heimalandi mörg, sem silúngur er í; má veiða í ef nokkur kynni [...]. Grastekja hefur fyrrum verið að nokkru gagni, nú minni. Hvannarrætur og hvannir að nokkru gagni ef iðkað er [...]. Álfteggver lítilsháttar er sumstaðar á fjallinu; að nokkru gagni þegar vel árar. Túnið spillist mikið stundum af leir og sandi úr lækjum [...]. Engjar sumar gánga úr sjer að grasi. Hagar blása upp nokkuð. Þar er mjög fjúkasamt um vetur.“ **JÁM VI**, bls. 72.
- 1731:** „Koster: Land mikel jord og hafa god ä Sumardag. God under bu, eirnenn. Ökoster: Tuned komed ij Oberiur og gagnlyted. Utheyes Slægiur litlar, því þau 2 vatnzföll sem renna tveim meiginn vid landed, hafa af teked þær eingjar sem adur voru til forna, og i mörgu odru er jordenn storlega spiollud. Slæm Rista og stunga. Vetrarhards j meira lage og storvidrarsamt, því bærenn stendur ä fialle. Langur Kyrkiuvegur yfer halda þingmandaleid og 2 vond vatnzföll.“ *Jarðabók yfir Dalasýslu 1731*, bls. 103-104.

DA-082:026 01 *Hæðarvörður* varða óþekkt

A 389809 N 527435

„Norðantil á henni [Sólheimahæð] eru tvær vörður sem kallast Hæðarvörður [...]. Eru vörðurnar nyrst á henni afganglar og hafa ekki raskast í fjölda ára,“segir í örnefnalýsingu. Hæðarvörður eru um 1,2 km norðaustur af bæ 001. Á svæðinu eru þrjár vörður, u.þ.b. í línu norður-suður. Vörðurnar standa á klöppum og eru 9 m milli varða 01 og 02 en 57 m milli varða 02 og 03. Á svæðinu er smáþýft mólendi, að mestu gróið en víða sést í klappir og grjót.



Hæðarvörður 026. Varða 01 er til hægri og til vinstri er varða 02. Það glittir í vörðu 03 að baki, horft til suðurs.

Nyrst er varða, um 0,5 m há og 1 x 1,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Varðan er hrunin og er grjótið í óreglulegri hrúgu. Grjótið í vörðubotninum er skófum vaxið.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Sólheimar, 6.

DA-082:026 02 varða óþekkt

A 389813 N 527425

Varða 02 er fimmhyrnd og snýr NNA-SSV. Varðan mjókkar upp og er um 1,1 m á hæð og víðast um 1,5 m í þvermál. Telja má 9 umför af grjóti í vörðunni og er grjótið skófum vaxið.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

DA-082:026 03 varða óþekkt

A 389801 N 527369

Varða 03 er ferhyrnd og snýr norður-suður. Hún með flatan topp, um 0,9 m á hæð og víðast tæpir 2 m í þvermál. Telja má 3-7 umför af grjóti í vörðunni, fæst norðantil þar sem notað hefur verið stórgryti til hleðslu, allt að 0,5 m í þvermál. Grjótið í vörðunni er skófum vaxið.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

DA-082:027 *Miðmorgunsvađa* vađa eyktamark

A 389550 N 526781

„Austast í hæðinni og sunnar en Hæðarvörður [026] er Miðmorgunsvađa,“ segir í örnefnalýsingu. Vaðan er rétt austan við malarveg sem liggur að norðurhluta jarðarinnar, um 590 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 150 m VNV við vörðu 073. Vaðan er á fremur berum hrygg. Rétt austan við vörðuna liggur plastlögn. Gróður er lítill á svæðinu. einkum mosi.

Vaðan er mikið hrunin. Hún er 0,7 m í þvermáli, 0,2-0,4 m á hæð og aðeins neðsta umfarið að stæðilegu hleðslugrjóti sést. Nokkuð af grjóti er rétt sunnan og austan við vörðuna og ekki er óhugsandi að það hafi tilheyrt henni áður.

Grjót í vörðunni er skófum vaxið. Mögulega hefur vaðan skemmst nokkuð vegna framkvæmda við malarveginn.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Sólheimar, 6



Miðmorgunsvađa 027, horft til vesturs.

DA-082:029 *Dagmálavađa* vađa eyktamark

A 390091 N 525126

„Sunnar og neðar í hallanum [en Miðmorgunsvađa 027] taka við breiður sem nefndar eru Hæðarbreiður [...]. Neðan við þær eru tvær vörður, Helluvarða [028] og Dagmálavađa,“ segir í örnefnalýsingu. Dagmálavađa er rúmum 1,7 km suðaustan við bæ 001 og tæpum 700 m sunnan við Sigurðarvörðu 011. Vaðan blasir við frá bænum og ber við himinn í fjarska. Dagmálavađa er á klapparhól í svokallaðri Laxárdalsheiði. Það er mikið hellugrjót í hólnum og hann er vaxin mosa, grasi og lyngi.

Umhverfis hólinn er melur og rof í jarðvegi.

Vaðan er köntuð í botninn, tæpir 3 m á hlið. Hún er 2 - 2,2 m á hæð og hlaðin úr grjóthellum. Það eru milli 30-50 umför af hellum í vörðunni sem er vel hlaðin. Hleðslurnar eru skófum vaxnar. Þegar horft er á austurhlið vörðunnar má greina tvö byggingarstig, hellurnar virðast hlaðnar umhverfis minni vörðu úr stærra og ávalari steinum.

**Hættumat:** Engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sólheimar, 6.



Dagmálavađa 029, horft til norðvesturs.



DA-082:030 *Kvíahóll* örnefni kvíar

A 389203 N 526386

„Þegar kemur niður með túninu austanverðu, er þar holt, sem heitir Kvíaholt, í daglegu tali Kvíholt, við girðinguna og norður af því Kvíahóll,“ segir í örnefnalýsingu. Hér er verið að skrá örnefnið Kvíahóll, sem gæti bent til kvía. Kvíahóll er um 200 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 70 m sunnan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar. Ekki sjást lengur kvíar á þessum slóðum. Kvíahóll er algróinn hóll í sléttuðu túni. Núverandi heimreið til Sólheima liggur þvert yfir austurhluta hólins. Að auki liggur malarlóði til vesturs frá heimreiðinni að túnnum sem þar eru.

Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði á þessum slóðum. Óvíst er hvort þar hafi verið hlaðin mannvirki eða hvort örnefnið vísi til færkvía.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Sólheimar, 6.

DA-082:048 *Fornukvíar* örnefni kvíar


A 389223 N 526325

„[...] en austur af hólnum [Krosshól, sjá 007] er nýrækt sem heitir Fornukvíar,“ segir í örnefnalýsingu. Fornukvíar eru rúmum 260 m suðaustan við bæ 001 og um 60 m sunnan við Kvíahól 030. Ekki sjást lengur ummerki um kvíar á þessu svæði. Fornukvíar eru í sléttuðu túni, rétt sunnan við Kvíahól 030. Til vesturs er núverandi heimreið að Sólheimum.

Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Sólheimar, 10.



Kort af leið 057. Loftmynd frá Bing

DA-082:057 heimild um leið

A 389232 N 526367

Á herforingaráðskorti frá 1914 er vegur merkur frá heimatúni Sólheimabæja (001, 002) sem liggur

til suðausturs að þjóðvegi [DA-641:002]. Traðir 060 lágu líklega í gegnum túnið að bænum. Þessi leið lá á sama stað og núverandi malarvegur að bænum. Ræktuð tún eru austan og vestan við heimreiðina. Hún er upphlaðin og ólíklegt að ummerki um eldri leið hafi varðveist.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** H-kort 34 NA

**DA-082:059** þúst útihús

A 389123 N 526470

Gróin þúst er um 90 m ASA við bæ 001 og tæpum 30 m vestan við kálgarð 007 2. Þústin er rétt vestan við lítinn framræsluskurð, í sléttuðu túni sem hallar til suðurs.

Þústin er gróin, 6 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er 0,4 m hæð og sker sig úr nánasta umhverfi vegna hæðar sinnar. Ekki er möguleiki að sjá neitt tóftarlag á henni eða gera sér hugmyndir um lag mannvirkisins sem hér. Þústin er innan heimatúns bæjar 001 og sennilegast er að hún hafi verið einhvers konar útihús. Ekkert útihús er merkt á þessum slóðum á túnakorti frá 1917 og líklega hefur það verið fallið úr notkun þegar kortið var gert eða seinni tíma mannvirki.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda



Kort af þúst 059 og dæld 060. Loftmynd frá Bing

**DA-082:060** dæld traðir

A 389131 N 526426

Gróin dæld er um 110 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 60 m suðvestan við núverandi íbúðarhús. Rennan liggur neðarlega í brekku í sléttuðu túni sem hallar til suðurs.

Dældin er algróin, um 30 m löng og 2,5 m á breidd. Hún liggur VNV-ASA, með stefnu í átt að Krosshól 007 og bæ 001. Dældin er 0,2-0,5 m djúp, dýpst til vesturs. Bakkar hennar eru nokkuð


aflíðandi. Óvíst er með hlutverk rennunnar en lögun hennar gefur til kynna að hún sé traðir, mögulega til bæjar 001 miðað við stefnu hennar.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-082:066** gata leið

A 389895 N 528701

Um 240 m NNV við Strythól 067 og um 2,3 km norðaustur af bæ 001 eru götur sem liggja út frá vegarslóða í norður að seli 041. Göturnar liggja um lyngmóa og mosabreiður. Á svæðinu eru lágir hólar og holt með mýrarsundum á milli.



Kort af leið 066. Loftmynd frá Bing

Á leiðinni eru víðast 2-6 götur sem dreifast á 4-13 m breitt svæði. Göturnar eru mjóar, 20-30 cm breiðar og 10-40 cm djúpar. Um 260 m leiðarinnar liggja innan úttektarsvæðis 2021 en götuna má rekja áfram til norðurs á loftmynd um a.m.k. 240 m.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-082:067** Strythóll varða samgöngubót

A 389981 N 528398



Varða 067, horft til norðurs.

Á toppi Strythóls er grasi gróin þúst, líklega varða. Hóllinn er um 2,1 km norðaustur af bæ 001, fast austan við vegarslóða sem liggur frá bæ að Hólmatvatni. Strythóll er grýttur en hálfgróinn mosa, umhverfis hóllinn eru lyngmóar og mýrarsund.

Þústin er 0,7-0,8 m há, 2 x 1,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er vel grasi gróin en víða glittir í skófum vaxna steina. Þústin er hugsanlega að mestu náttúruleg strýta en ekki er hægt að útiloka að hún sé að

hluta hlaðin.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-082:068** varða óþekkt

A 389885 N 527238

Vörðubrot er um 156 m suðaustur af syðstu Hæðarvörðu 026\_03 og um 1,1 km norðvestur af bæ 001. Vörðubrotið er á hálf-mosagrónum mel í aflíðandi halla til suðausturs.

Varðan er hrunin, um 0,4 m há, 1,3 x 1,1 m að stærð og snýr vestur-austur. Vörðubrotið er grasi gróið í botni og er grjót í því skófum vaxið.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda



Varða 068, horft til norðvesturs.

**DA-082:069** varða óþekkt

A 392723 N 526892

Varða er rétt austan við Axlarlæk, rúmum 3,5 km austan við austan við bæ 001 og tæpum 280 m suðaustan við vörðu 070. Varðan er syðst og ofarlega á hálfgrónum hrygg. Við vörðuna er gróðurkragi. Umhverfis hrygginn er deiglendi vaxið stara og öðrum votlendistegundum.

Varðan er 0,4 x 0,4 m að stærð og 0,3 m á hæð. Hún er hlaðin úr 3-5 steinum og eru þeir mikið grónir. Nokkuð grjót dreif er rétt austan við vörðuna sem líklega hefur tilheyrt henni áður fyrr.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-082:070** varða óþekkt

A 392532 N 5270820

Mýrdalur er í austurhluta jarðarinnar. Þar, rétt vestan við Axlarlæk, er hrunin varða. Hún er um 3,7 m ANA við bæ 001 og rúmum 280 m NNV við vörðu 069. Varðan er efst á hálfgrónum hrygg. Vestan við hrygginn er talsvert mýrlendi og austan við hann rennur Axlarækur. Varðan er um 0,7 m í þvermál en er mikið hruninn og er því aðeins 0,2 m á hæð. Hún hefur verið hlaðin úr blöndu af smágrýti og stæðilegu hleðslugrjóti og má sjá allt að 12-15 steina í og við vörðuna.



Varða 070, horft til suðausturs.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

DA-082:071 varða samgöngubót

A 391558 N 528562



Varða 071, horft til norðausturs.

Ofarlega á Nyðri-Axlarhól sem er rétt sunnan við Axlartjörn er varða. Varðan er rúmum 3,2 km norðaustan við bæ 001 og um 1,7 km NNV við vörðu 070. Þessi varða er líklega samgöngubót og hefur varðað leið sem legið hefur upp hæðina, mögulega að seli 041. Engar heimildir geta þó um leið á þessum slóðum og engin leið var greinileg í vettvangskonun vegna vindorkugarðs á Sólheimum veturinn 2021. Nyðri-Axlarhóll er hálfgróinn hóll og er varðan á honum miðjum. Umhverfis hólinn er nokkuð votlendi og rétt vestan við hann hefur lækur líklega eitt sinn runnið. Til norðausturs er Axlartjörn og önnur tjörn er rétt suðaustan


við hann.

Varðan er sæmilega hlaðin. Hún er 0,5 m á kant og 0,4 m á hæð. Hún er hlaðin á grónu bjargi og ef það er talið með er varðan 0,7 m á hæð. Varðan er hlaðin úr flötu grágrýti ásamt blöndu af smágrýti og sjást 9-13 steinar í vörðunni. Grjót í henni er skófi vaxið.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

DA-082:072 varða óþekkt

A 389273 N 528128



Varða 072, horft til VNV.

Varða er rétt suðvestan við Hólmatjörn, rúmum 1,6 km norðan við bæ 001 og um 850 m VNV við Hæðarvörðu 026\_01. Varðan er ofarlega á grónum hrygg. Malarvegur er fast sunnan við hrygginn. Malarvegurinn liggur til norðausturhluta jarðarinnar.

Varðan er hrunin og aðeins sjást 4-5 steinar. Varðan er 0,3 m á hæð og 0,4 m á kant. Gróið er nokkuð yfir steinanna. Hlutverk vörðunnar er óþekkt en hún er hvorki við þekkt landamerki eða gamla leið.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

DA-082:074 gata leið

A 393324 N 523739

Um 1 km SSA við vörðu DA-641:006\_05 og um 5 km suðaustan við bæ 001 liggur leið liggur þvert yfir úttekarsvæðið, nokkuð vestan við Sjónarhól. Leiðin liggur eftir klapparhrygg en ekki er vitað hvert hún lá né í hvaða tilgangi. Umfang gatnanna er meira en svo að hægt sé að afskrifa þetta sem kindagötu. Á svæðinu eru lágir hólar og holt með mýrarsundum á milli.


Leiðin var rakin á um 640 m löngum kafla og hlykkjast norður-suður. Um 320 m eru innan

úttektarsvæðis. Greina má 2-3 paldra sem eru 0,3 m á dýpt, á 2-3 m breiðu svæði. Melur er í botni paldranna.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda




Leið 074, horft til norðurs.



Kort sem sýnir leið 074. Loftmynd frá Bing.

## DA-641 Fornleifar á fleiri en einni jörð



Kort sem sýnir leið 641:002 01. Loftmynd frá Bing.

### DA-641:002 01 *Laxárdalsheiði* vegur leið



Leið 641:002 01, horft til austurs.

A 390482 N 525274

Í Sýslu- og Sóknalýsingum Dalasýslu segir: „Norður úr Laxárdal til Strandasýslu eru fjallvegir: 1) Sölvamannagötur norður að Fjarðarhorni í Hrútafirði þrjár mílur, 2) Laxárdalsheiði ofan í Laxárdal við Hrútafjörð tvær mílur, 3) Gaffellsheiði, kölluð þingmannaleið norður í Bitru, og 4) Hólmavatnsheiði, hérum þrjár mílur og svo norur yfir, en þær eru sjaldfarnari nema af kunnugum.“ Þar segir enn fremur: „Þaðan [frá Sólheimum] liggur alfaravegur norður yfir heiðar, bæði á Laxárdals-, Hólmavatns- og Sölvamannaheiðar, eftir því sem hvör


vill taka stefnu í Hrútafjörð.“ Innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs vindmylluvers í landi Sólheima var gamli vegurinn eftir Laxárdalsheiði skráður. Hann liggur þvert í gegnum áhrifasvæðið, skammt sunnan við Laxárdalsveg 59. Skammt sunnan við gamla veginn sáust reiðgötur en þær voru ekki

athugaðar í þetta sinn enda utan skráningarsvæðis. Leiðin var eingöngu rakin á 200 m löngum kafla í landi Sólheima. Vegurinn liggur yfir heiði, þar er víða melur, mosi og lyng. Svæðið er fremur flatlent en klapparásar eru þar inn á milli.

Malarvegur hlykkjast norður-suður eftir Laxárdalsheiði. Hann er 3 m á breidd en er ekki upphlaðinn á því svæði sem var skoðað.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Sýslu- og sóknalýsingar Dalasýslu, 20 og 61.



Kort sem sýnir leið 641:006 01, og vörður sem fundust við leiðina. Loftmynd frá Bing.

**DA-641:006 01** gata leið

A 392601 N 524586

Götur 006\_01 og fjórar vörður 006\_02 - 05 sjást um 300 m sunnan við leið 002, við svokallaðan Lægðalæk sem rennur í sunnanvert Laxárvatn. Leiðin var rakin innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs vindorkuvers og ekki vitað hvert hún liggur utan þess. Leiðin stefnir í átt til Kvíslasels í Strandasýslu en eins gæti verið um hluta af Sölvamannagötum DA-641:001 að ræða. Leiðin þræðir gróna klapparása. Mýrlendi, lækir og tjarnir eru á milli þeirra.

Leiðin var rakin á tæplega 1,2 km löngum kafla og hlykkjast austur-vestur eftir og á milli klapparása. Leiðin er í norðurjaðri úttektarsvæðisins, alls eru um 300 m innan þess. Leiðin er 2-5 m á breidd og líkist veglegri kindagötu. Melur er í botni leiðarinnar sem er mun greinilegri á loftmynd enn á vettvangi.



**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar



Varða 641:006 02, horft til austurs.



Varða 641:006 03, horft til suðausturs.

**DA-641:006 02** varða samgöngubót

A 392081 N 52487

Varða 006\_02 er vestan við Lægðalæk, í jarðri úttektarsvæðisins. Varðan sést vel úr öllum áttum. Hún er á ílögum jarðföstum steini sem snýr norðaustur-suðvestur og er 1-1,2 m á hæð. Varðan sjálf er hlaðin úr fremur stóru grjóti og hægt að greina 5-7 umför hleðslu í henni. Hún er um 1 m að grunnfleti og 0,8 m að hæð.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna ábúðar

**DA-641:006 03** varða samgöngubót

A 392384 N 524768

Varða 006\_03 er fast sunnan við leið 006\_01, á malarhrygg nokkuð austan við Lægðalæk. Varðan er hrunin en sést engu að síður nokkuð vel. Hún er á mel, mosi og lyng mynda gróin kraga umhverfis vörðuna. Hún er um 2 m í þvermál, 0,3 m á hæð og allar hleðslur eru fallnar. Grjótið er skófum vaxið.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-641:006 04** varða samgöngubót

A 392504 N 524706

Varða 006\_04 er hlaðin á stóru, stakstæðu bjargi um 130 m suðaustan við vörðu 006\_03. Varðan er um 1,1 m á hæð og bjargið er álíka hátt. Varðan er ferhyrnd og hallar til suðvesturs, líkt og bjargið. Hún er hlaðin úr þunnum hellusteinum og má greina um 18 umför af hellum. Grjótið er vaxið hvítum skófum. Einn steinn er efstur í vörðunni.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda



Varða 641:006 04, horft til austurs.



Varða 641:006 05, horft til norðurs.

DA-641:0065 varða samgöngubót

A 392758 N 524571

Varða 006\_05 er um 290 m suðaustan við vörðu 006\_04. Varðan er hrunin, mosi og lyng mynda gróinn kraga umhverfis hana, Varðan er um 2 m í þvermál og 0,3 m á hæð en var hlaðin úr stóru grjóti.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## 5 Samantekt um sögu og landshætti deiliskipulagssvæðis

### *Saga Sólheima*

Sólheima er ekki getið í fornritum en nafn jarðarinnar kemur einstaka sinnum fyrir í íslensku fornbréfasafni. Hennar er fyrst getið í kaupbréfi 1483 þar sem Eiríkur Halldórsson selur séra Halli Þórarinssyni jörðina.<sup>3</sup> Í bréfinu eru landamerki Sólheima tilgreind. Upp frá því kemur jörðin nokkrum sinnum fyrir í fornbréfum og þá einkum í sambandi við eignaskipti á jörðinni. Jarðabók yfir Dalasýslu frá árinu 1731 greinir frá því að jörðin hafi lagst í eyði sökum fólksleysis og bólu fljótlega eftir 1700 og „var i audn til 1720.“<sup>4</sup>

Jörðin telst vera rétt undir meðaljörð samkvæmt gömlum jarðamötum. Hún var metin á 10 hdr. (í jarðamat 1686) en er oftast metin aðeins hærra, eða 12 hdr. eins og t.d. í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703. Við ritun jarðabókarinnar frá 1703 er landsháttum jarðarinnar einnig lýst. Þar segir að túnið á jörðinni sé mestmegnis þýft og misjafnlega grasgefið. Engjar eru „miklar“, sums staðar „grasgóðar“ og hagar eru í „besta máta.“ Selstöðu átti jörðin í heimalandi en hafði ekki verið nýtt lengi. Í jarðabókinni kemur fram að útigangur sé „góður þegar niðri nær, og verst vel oftast.“ Að auki er þar tilgreint um að lax- og silungaveiði sé nokkur í Laxá en þar sé þó „erfitt að veiða þar, að ekki hefur oftsinnir að gagni orðið.“ Ókostir jarðarinnar eru taldir nokkrir. Helst ber að nefna að túnið er sagt annað hvort spillast af leir og sandi úr lækjum eða vatnsuppgöngum og snjóvatni. Engjar eru sumar sagðar ganga úr sér af grasi og að hagar blási upp „nokkuð.“<sup>5</sup>

Lýsingu á landgæðum jarðarinnar er jafnframt að finna í Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731. Í henni kemur fram að Sólheimar sé mikil og hagamikil jörð en landgæði hafi versnað að sökum þess tímabils sem hún var í eyði skömmu eftir 1700 til 1720. Túnið væri „gagnlítið“ og útheyslægjur „litlar.“ Þar kemur jafnframt fram að rista og stunga á jörðinni „sé slæm.“

Tvíbýli var á Sólheimum. Af lestri manntala að dæma er fyrst getið um tvær fjölskyldur á jörðinni í manntalinu 1835. Síðan býr aðeins ein fjölskylda á jörðinni í manntalinu 1840 og 1845. Tvíbýli er samfelld á jörðinni samkvæmt manntölunum á áranum milli 1850 og 1920. Lengi vel

<sup>3</sup> DI VIII, bls. 72

<sup>4</sup> Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, bls. 103.

<sup>5</sup> JÁM VI, bls. 71-72.

bjó sama fjölskyldan á staðnum. Sú fjölskylda hefur átt meirihluta í jörðinni ef frá er talið árin milli 1911 og 1941 þegar Kaupfélag Hrutfirðinga átti þar helmingseign.<sup>6</sup> Jörðin var seld nýjum eigendum á síðustu árum. Fjárbúskapur er á jörðinni. Auk þess er laxveiði í Laxá og liggja malarlóðar víðsvegar um jörðina að veiðisvæðunum.

Jörðin Svalhöfði byggist úr vesturhluta Sólheima og er hennar fyrst getið í manntalinu 1870 og aftur 1880,<sup>7</sup> þá sem hjáleiga. Svalhöfða ekki getið aftur í manntali fyrr en 1920. Jörðin kemur hins vegar fyrir í fasteignamati Dalasýslu 1917<sup>8</sup> og hefur líklega byggst upp aftur eftir að manntalið 1901 var gert. Svalhöfði fór í eyði árið 1974 og tún bæjarins nýtt af ábúendum Sólheima.<sup>9</sup>

Ráðagerðir eru uppi um að reisa vindorkugarð á Sólheimum af Quadran Iceland Development ehf. Af því tilefni var aðalskráning fornleifa gerð innan úttektarsvæðis árið 2019.<sup>10</sup> Deiliskráning fornleifa var gerð innan nýs úttektarsvæðis 2021.

### *Landshættir á deiliskipulagssvæði*

Sólheimar í Dalabyggð eru í norðanverðum botni Laxárdals, við fyrrum sýslumörk milli Dalasýslu og Strandarsýslu. Deiliskipulagssvæðið kvíslast um stóran hluta jarðarinnar, nokkuð vestan frá Sjónarhóli að sunnan og til Reyðarvatnshæða til norðurs. Að austan nær svæðið til Steinsvatnaheiðar og til vesturs að Hólmatvatnsheiði. Norðausturhorn heimatúns er sömuleiðis innan deiliskipulagssvæðis (sjá afmörkum svæðisins betur á mynd 1, bls. 9). Enn er búið á Sólheimum og er landið nýtt undir fjárbúskap og laxaveiði.

Deiliskipulagssvæðið var að stærstum hluta deiglent, einkum á norðvesturhluta þess: við Guðfinnskeldu, Reyðarvatnshæð og rétt norðan og sunnan við Axlarlæk. Víða má þó greina hálfgróna klettahryggi sem rísa úr deiglendinu. Norðaustasti hluti heimatúnsins er vestarlega á deiliskipulagssvæðinu og er það smáhæðhótt, og í smávægilegum halla til suðurs. Syðst á svæðinu, vestan og norðvestan við Sjónarhól, eru mosagrónir hólar og holt með votlendi á milli.

---

<sup>6</sup> Sjá nánar á heimasíðu um jörðina: <http://www.angelfire.com/ex/solheimar/>

<sup>7</sup> Manntal 1870; hér og annars staðar er vísað í Sóknarmanntöl Þjóðskjalasafnsins sem eru aðgengileg á vefnum manntal.is

<sup>8</sup> Fasteignamat Dalasýslu 1916–1918, bls. 152.

<sup>9</sup> *Eyðibylli á Íslandi* III, bls. 33.

<sup>10</sup> Sjá Gylfi Helgason og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2019.



**Mynd 3 og 4:** Á efri myndinni er horft til suðvesturs yfir bæjarstæði jarðarinnar. Á neðri myndinni er horft til suðurs, við af Steinsvatnaheiði.

## 6 Fornleifar innan deiliskipulagssvæðis

Deiliskráning forminja innan deiliskráningarsvæðis á Sólheimum í Dalabyggð var unnin seint í október 2021. Samtals eru 24 minjar innan svæðisins, 17 voru skráðar í vettvangsúttekt árið 2021 og sjö minjar voru skráðar árið 2019 (tafla 1).

Tafla 1. Minjar innan deiliskipulagssvæðis					
Samtala	Minjainingar	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Skráningarár
DA-082:026	3	Hæðarvörður	Varða	Óþekkt	2021
DA-082:027	1	Miðmorgunsvarða	Varða	Eyktarmark	2021
DA-082:029	1	Dagmálavarða	Varða	Eyktarmark	2019
DA-082:030	1	Kvíahóll	Örnefni	Kvíar	2019
DA-082:048	1	Fornukvíar	Örnefni	Kvíar	2019
DA-082:057	1		Heimild	Leið	2019
DA-082:059	1		Þúst	Útihús	2019
DA-082:060	1		Dæld	Traðir	2019
DA-082:066	1		Gata	Leið	2021
DA-082:067	1		Varða	Samgöngubót	2021
DA-082:068	1		Varða	Óþekkt	2021
DA-082:069	1		Varða	Óþekkt	2021
DA-082:070	1		Varða	Óþekkt	2021
DA-082:071	1		Varða	Samgöngubót	2021
DA-082:072	1		Varða	Óþekkt	2021
DA-082:074	1		Gata	Leið	2021
DA-641:002	1	Laxárdalsheiði	Gata	Leið	2019
DA-641:006	5		Gata	Leið	2021
	<b>24</b>				

Við norðausturhluta heimatúns Sólheima voru alls fimm minjar skráðar. Þúst DA-082:059 var skráð þar, rétt VSV við bæjarstæði jarðarinnar. Þústin er gróin og ekki er hægt að sjá neitt tóftarlag á henni. Frekari rannsókna er þörf til þess að staðfesta að um fornleifa sé að ræða. Tvö

örnefni voru skráð. Annars vegar Kvíahóll DA-082:030 sem er vísbending um kvíar þar nærri. Kvíahóll er rétt vestan við núverandi heimreið og liggur malarlóði til vesturs út í tún á hólnum. Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði á hólnum en óvíst er hvort örnefni vísi til hlaðinna mannvirkja eða færíkvía. Sömuleiðis var örnefnið Fjósvöllur DA-082:047 skráð rétt austan við Bæjarlækinn. Heitið gæti bent til fjóss en engin ummerki um mannvirki fundust á yfirborði á svæðinu. Tvær leiðir fundust við nokkru sunnan og suðaustan við núverandi bæjarstæði Sólheima. Leið DA-082:057 er merkt inn á herforingjaráðskorti frá 1914 og liggur frá heimatúninu og að Þjóðvegi DA-641:002\_1. Á þessum slóðum liggur núverandi malarvegur að bænum. Engin ummerki sjást lengur um gömlu leiðina á yfirborði. Suðvestan við bæjarstæði jarðarinnar er algróin dæld DA-082:060. Hún stefnir á bæjarhól DA-082:001, sem var utan deiliskráningarsvæðis og því ekki skráður. Lega og stærð dældarinnar gefur til kynna að hún sé ummerki um traðir að gamla bænum.

Aðrar leiðir innan svæðis eru alls fjórar. Þrjár þeirra DA-641:002\_1, DA-641:006\_1 og DA-082:074 eru sunnarlega innan deiliskráningarsvæðis. Leið DA-641:002\_1 er sjáanleg við Heiðarbrekkur sem og rétt vestan við Steinsvatnahæð. Leiðarinnar er getið í Sýslu- og sóknarlýsingu frá 1840. Leiðin var aðeins rakin innan deiliskráningarsvæðis og er þar um 3 m á breidd. Leið DA-641:006\_1 er við Lægðarlæk. Ekki er vitað hvert leiðin lá né í hvaða tilgangi. Leiðin þræðir hálfgróna ása sem eru umhverfis mýrlendi og var hún rakin um 1,2 km innan svæðis. Við leiðina voru skráðar fjórar vörður DA-641:006\_2-5. Vörður DA-641:006\_2 og 4 eru sæmilega hlaðnar en vörður DA-641:006\_3 og 5 eru hrundar. Þær sjást engu að síður ágætlega. Suðaustan við Lægðarlæk, nokkuð vestan við Sjónarhól, var leið DA-082:074. Hún liggur nálega norður-suður og var rakin á um 640 m löngum kafla. Óvíst er hvert leiðin lá né í hvaða tilangi. Þessu til viðbótar var leið DA-082:066 skráð norðarlega á deiliskráningarsvæðinu, milli Guðfinnskeldu og Norðursunds. Á leiðinni má greina 2-6 grónar götur. Leiðin var rakin á um 260 m innan deiliskráningarsvæðis en hún heldur áfram til norðurs á loftmynd.

Nokkur fjöldi varða var skráður. Þrjár vörður DA-082:069-071 eru austarlega á deiliskráningarsvæðinu. Vörður DA-082:069-70 eru nokkuð vestar við Syðri-Axlarhól. Ekki er vitað til hvers þær voru hlaðnar. Þær eru ekki við þekkt landamerki eða leið. Varða DA-082:071 er hlaðin ofarlega á Nyðri-Axlarhól og hefur mögulega varðað leið að seli DA-082:041 sem er utan svæðis. Engin ummerki um leið innan deiliskráningarsvæðis að selinu var þó greinileg. Vörður DA-

082:026\_1-3, 067-068, 072 eru á norður- og norðvesturhluta deiliskráningarsvæðis. Aðeins er vitað um hlutverk vörðu DA-082:067 sem er sunnarlega á Strýtuholi. Hún er grasi gróin og hefur varðað leið DA-082:066. Ekki er vitað í hvaða tilgangi vörður DA-082:026\_1-3, 068 og 072 voru hlaðnar.

Innan deiliskráningarsvæðis voru skráð tvö eyktarmörk. Annars vegar Dagmálavarða DA-082:029, sem er rétt sunnan við Úlfaldahrygg. Hún er vel hlaðin, um 2 m á hæð og hlaðin úr grjóthellum. Hins vegar Miðmorgunsvarða DA-082:027 sem er við Hæðarbreiður, rétt austan við malarveg sem liggur að norðurhluta jarðarinnar. Varðan er mikið hrunin og aðeins neðsta umfarið af stæðilegu hleðslugrjóti sjáanlegt.

### *Lokaorð*

Allar minjar innan deiliskráningarsvæðis eru metnar í stórhættu vegna framkvæmda. Rétt er að geta þess að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hættu gæti mögulega steðjað að fornleifum ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafan. Í meiri hluta tilfella er hættu hvorki talin óhjákvæmileg né óyfistíganleg. Hættumatinu er ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastað.

Að lokum má nefna að minjar og framkvæmdir geta farið ágætlega saman þegar vel er gert. Ljóst er að í einhverjum tilfellum ætti að vera mögulegt að hlífa minjum við raski í tengslum við framkvæmdir. Mögulega munu fyrirhugaðar framkvæmdir raska minjum. Í þeim tilfellum mun Minjastofnun Íslands skera úr um hvort fyrirhugaðar framkvæmdir geti haldið áfram óbreyttar og þá með hvaða skilyrðum. Sömuleiðis má benda á þótt engin ummerki séu um minjar á yfirborði þá leynast fornleifar oft undir jörðu. Vegna þess er ekki loku fyrir það skotið að óþekktar minjar kunni að koma í ljós við framkvæmdir. Í slíkum tilfellum skal lögum samkvæmt stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Minjastofnunnar Íslands.



## Heimildaskrá

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Lundur, Gleerup.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I–XV*. bindi. 1857–1972.

Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.

Eva Kristín Dal. 2008. *Menningar í Laxárdalhreppi: Svæðisskráning fornleifa*. FS405-07183.

Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Gylfi Helgason og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2019. *Sólheimar í Dalabyggð: Aðalskráning fornminja vegna vindorkugarðs*. FS768-19411. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

*Eyðibýli á Íslandi: Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Dalasýslu, Snæfells- og Hnappadalssýslu, Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sumarið 2012*. 2012. Unnið af Axel Kaaber Bergþóru Góu Kvaran, Birki Ingibjartssyni, Hildi Guðmundsdóttur, Olgu Árnadóttur, Sólveigu Guðmundsdóttur Beck, Steinunni Eik Eigilsdóttur og Þuríði Elísu Harðardóttur. III. bindi. Reykjavík, Eyðibýli – áhugamannafélag.

*Jarðabók yfir Dalasýslu 1731*. Magnús Már Lárusson sá um útgáfu. 1965. Reykjavík, Sögufélagið.

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VI: Dala- og Barðastrandarsýsla*. 1938.

Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

*Lög um menningarminjar 80/2012*.

**Manntal.** Þjóðskjalasafn Íslands: Manntöl. Aðgengilegt á <http://manntal.is/> (skoðað nóvember 2021).

**SSD:** *Sýslu og söknaýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855: Dalasýsla*. Einar G. Pétursson sá um útgáfuna. 2003. Reykjavík, Sögufélag.

*Óútgefið efni*


**Fasteignamat 1916–1918:** *Gjörðabók fasteignamatsnefndar Dalasýslu*. 1916–1918. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

**H-kort 34 NA:** Herforingjaráðskort 34 NA Laxárdalur - Borðeyri: Reykjavík. 1:50.000. Útgáfuár 1914.

Ö-Sólheimar: Örnefnaskrá Sólheima 1967. Jóhann Bjarnason skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Heimildamenn*

Guðbrandur Ólafsson, 08. 04. 1961.



## Hnitaskrá ISN93

Auðkenni	Austur	Norður	Type	Function
DA-082:026_1	389809	527435	Cairn	Unknown
DA-082:026_2	389813	527425	Cairn	Unknown
DA-082:026_3	389801	527369	Cairn	Unknown
DA-082:027	389550	526781	Cairn	Time marker
DA-082:029	390091	525126	Cairn	Time marker
DA-082:030	389203	526386	Place name	Milking pen
DA-082:048	389223	526325	Place name	Milking pen
DA-082:057	389232	526367	Documentary evidence	Road
DA-082:059	389123	526470	Indistinct ruin	Outhouse
DA-082:060	389131	526426	Depression	Fenced road
DA-082:066	389895	528701	Road	Path
DA-082:067	389981	528398	Cairn	Trail marker
DA-082:068	389885	527238	Cairn	Unknown
DA-082:069	392723	526892	Cairn	Unknown
DA-082:070	392532	527082	Cairn	Unknown
DA-082:071	391558	528562	Cairn	Trail marker
DA-082:072	389273	528128	Cairn	Unknown
DA-082:074	393324	523740	Road	Path
DA-641:002_1	389639	525393	Road	Path
DA-641:006_1	392602	524587	Road	Path
DA-641:006_2	392080	524878	Cairn	Trail marker
DA-641:006_3	392384	524769	Cairn	Trail marker
DA-641:006_4	392504	524706	Cairn	Trail marker
DA-641:006_5	392758	524571	Cairn	Trail marker

